

# REGLUGERÐ FYRIR VÖRÐ - FULLTRÚARÁÐ SJÁLFSTÆÐISFÉLAGANNA Í REYKJAVÍK

(Upphaflega samþykkt á Fulltrúaráðsfundi 19. mars og 21. maí 1940 og breytt á Fulltrúaráðsfundi 19. nóvember 1958, 5. júní 1969, 7. janúar 1974, 17. janúar 1978, 27. janúar 1996, 31. janúar 2004, 10. mars 2010, 19. febrúar 2011, 25. mars 2013 og 5. desember 2019.)

## I. KAFLI

### ALMENN ÁKVÆÐI

#### 1. grein

Sjálfstæðisfélögin í Reykjavík sem hafa verið viðurkennd af miðstjórn Sjálfstæðisflokksins mynda með sér ráð er nefnist Vörður – Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík sem er kjördæmisráð beggja Reykjavíkurkjördæma.

#### 2. grein

Hlutverk Fulltrúaráðsins og stjórnar þess er m.a.

1. Að vera tengiliður á milli sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, vettvangur til að samhæfa starf þeirra, ~~eftir því sem tók eru á~~ og stjórna sameiginlegum málum þeirra.
2. Að **bera ábyrgð á stjórn** undirbúningi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík við almennar kosningar, ~~þar á meðal að~~
3. Að ákveða framboð flokksins, **p.m.t. að skipa kosningastjórn**, og vinna að sem mestri kjörsókn stuðningsmanna hans.
4. Að gangast fyrir fundum og ráðstefnum um mál, er varða Sjálfstæðisflokkinn, starf hans og stefnu og að efna til hverra þeirra aðgerða, sem eru til eflingar almennu flokksstarfi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.
5. Að sjá um, að alltaf sé fyrir hendi kerfi trúnaðarmanna Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík
6. Að skipa, ef þurfa þykir, í samráði við stjórnir sjálfstæðisfélaganna sérstaka kosningastjórn í kjörhverfum Reykjavíkur á kosningaári, til að annast kosningastarf í hverju hverfi.
7. Að hafa umsjón með fjármunum fulltrúaráðsins og annarra sameiginlegra eigna flokksins í kjördæmunum.
8. Að sjá um, ~~að~~ að flokksstarfi ~~kerfið~~ í kjördæmunum sé í samræmi við skipulagsreglur flokksins.
9. **Staðfesta lög og lagabreytingar sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík.**

## II. KAFLI

### SKIPAN FULLTRÚARÁÐSINS OG STJÓRN

#### 3. grein

Í Fulltrúaráðinu eiga sæti:

1. Fulltrúar, sem kjörnir eru í ráðið af aðalfundum sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík. Skal fjöldi fulltrúa sem hvert hverfafélag kys nema 7% af fjölda skráðra félagsmanna á fyrsta virka degi ~~ársins aðalfundardegi~~. Fjöldi fulltrúa sem Hvöt, Óðinn og Heimdallur kjósa skal nema 5% af skráðum félagsmönnum á **fyrsta virka degi ársins aðalfundardegi** þó að hámarki 150 fulltrúar.
2. Formenn sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík.
3. Þingmenn og borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík sem og jafn margir varamenn þessara aðila.
4. Fastráðnir starfsmenn á skrifstofum flokksins og félaganna í Reykjavík, sem eiga lögheimili í Reykjavík.
5. Meðlimir miðstjórnar, fjármálaráðs- og upplýsinga- og fræðslunefndar sem lögheimili eiga í Reykjavík.
6. Allt að 100 fulltrúar samkvæmt tilnefningu stjórnar Fulltrúaráðsins til eins árs í senn, að loknum aðalfundi. ~~og skulu þeir að jafnaði valdir úr hópi þeirra manna, sem starfa í nefndum eða að ákveðnum verkefnum á vegum stjórnarinnar.~~
7. Flokksbundnir fyrrverandi alþingismenn Sjálfstæðisflokksins, flokksbundnir fyrrverandi borgarfulltrúar og fyrrverandi formenn Varðar – Fulltrúaráðsins sem lögheimili eiga í Reykjavík.

#### 4. grein

**Kjörgengir í fulltrúaráðið eru flokksbundnir sjálfstæðismenn í Reykjavík sem eru félagar í einhverju sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík. Verði breyting á lögheimili fulltrúa er honum heimilt að sitja fram að næsta kjöri. Meðlimir Fulltrúaráðsins skulu eiga lögheimili í Reykjavík og vera félagar í einhverju sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík.**

Fulltrúarnir skulu vinna að þeim verkefnum í þágu Sjálfstæðisflokksins, sem stjórn Fulltrúaráðsins og stjórnir sjálfstæðisfélaganna óska eftir hverju sinni og skulu fulltrúarnir keppa að því ~~í öllum störfum sínum~~ að því að efla styrk Sjálfstæðisflokksins og stefnu hans. Stjórn Fulltrúaráðsins getur skipað skipulagsnefnd, fjármálanefnd, útgáfu- og upplýsinganefnd og aðrar nefndir sem hún telur ástæðu til.

Störf fulltrúa og ~~ff~~ Fulltrúaráðsfunda eru trúnaðarmál og hafa fulltrúarnir þagnarskyldu um þessi málefni, að því leyti sem eigi er til ætlast að um þau vitnist til annarra. Kjúfi fulltrúi þennan trúnað eða brjóti að öðru leyti gegn reglugerð þessari í verulegum atriðum, skal stjórn Fulltrúaráðsins víkja honum úr ráðinu.

Stjórn Fulltrúaráðsins skal vera stjórnnum sjálfstæðisfélaganna innan handar við rekstur og skipulag þeirra. Óski stjórnir tveggja eða fleiri sjálfstæðisfélaga eftir því að fá að sameina starfsemi viðkomandi sjálfstæðisfélaga, þá skal stjórn Fulltrúaráðsins taka fyrirhugaða sameiningu til umræðu á fundi sínum og veita stjórnnum viðkomandi sjálfstæðisfélaga alla nauðsynlega ráðleggingu og aðstoð við undirbúning hins fyrirhugaða samruna. Þegar endanleg drög að samruna liggja fyrir skal stjórn Fulltrúaráðsins, í samvinnu við stjórnir viðkomandi sjálfstæðisfélaga, sjá um að kynna þau fyrir félagsmönnum viðkomandi sjálfstæðisfélaga. Áður en samruni gengur eftir skal hann borinn undir og samþykktur á aðalfundum allra þeirra félaga sem að honum koma. Hljóti fyrirhugaður samruni samþykkt allra viðkomandi sjálfstæðisfélaga þá skal hann í kjölfarið borinn undir stjórn Fulltrúaráðsins til staðfestingar.

Skjöl Fulltrúaráðsins skulu varðveitt á skrifstofu þess og aðgangur að þeim aðeins heimill þeim aðilum, sem stjórn Fulltrúaráðsins ákveður.

## 5. grein

Í Fulltrúaráðinu starfar stjórn sem ber ábyrgð á skyldum Fulltrúaráðsins milli funda. Stjórn Fulltrúaráðsins skipa:

1. Formenn sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík. Í forföllum þeirra koma varaformenn félaganna í þeirra stað. Varaformenn sjálfstæðisfélaga sem eiga **rétt á 150 fulltrúum** í Fulltrúaráðinu skulu eiga sæti í stjórn Varðar, samhliða formönnum viðkomandi félaga. **Í forföllum formanna og varaformanna má formaður tilnefna stjórnarmenn í umræddum félögum í þeirra stað. Í forföllum þeirra koma gjaldkerar félaganna í þeirra stað.**
2. Átta fulltrúar kosnir á aðalfundi Fulltrúaráðsins til eins árs í senn. Þar af skal formaður stjórnarinnar **fyrstur** kjörinn sérstaklega af aðalfundinum, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum.

Skriflegum framboðum til stjórnar skal skilað ~~til skrifstofu Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík~~ **með tölvupósti á netfang sem tilgreint skal í fundarboði** fyrir kl. 16.00 þremur dögum fyrir aðalfund. Kjörgengir eru allir meðlimir fulltrúaráðsins.

Nú gefa fleiri kost á sér til stjórnarstarfa en kjósa á og skal þá fara fram kosning. **Á atkvæðaseðli skulu vera nöfn þeirra sem í framboði eru og skal vera útfylltur feringur fyrir framan hvert nafn. Kjósandi skal setja X í fering fyrir framan nöfn þeirra sem hann kýs.**

Telst atkvæðaseðill ógildur **ef merkt er við nöfn færri en fjögurra og fleiri en sjö frambjóðenda**. á honum eru nöfn annarra en þeirra, sem skilað hafa inn framboðum innan framboðsfrests og kjörgengir eru.

~~Nú gefa fleiri kost á sér til stjórnarstarfa en kjósa á og skal þá fara fram skrifleg kosning. Atkvæðaseðill við kjör meðstjórnenda telst gildur, ef á honum eru nöfn að minnsta kosti fjögurra frambjóðenda.~~

~~Skriflegum framboðum til stjórnar skal skilað til skrifstofu Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir kl. 16.00 þremur dögum fyrir aðalfund. Kjörgengir eru allir meðlimir fulltrúaráðsins.~~

## 6. grein

Stjórn Fulltrúaráðsins ber gagnvart miðstjórn ábyrgð á því, að flokksstarfið í kjördæmunum sé í samræmi við skipulagsreglur flokksins. Stjórn Fulltrúaráðsins fylgist með því að félögin í Reykjavík kjósi reglulega fulltrúa í Fulltrúaráðið. Er stjórnnum flokksfélaga skylt að gefa Fulltrúaráðinu upplýsingar um félagatölu og önnur þau atriði, sem stjórn Fulltrúaráðsins er nauðsynlegt til þess að geta gegnt hlutverki sínu.

Stjórn Fulltrúaráðsins boðar fundi svo oft sem þurfa þykir. Skylt er stjórn ráðsins að boða til fundar innan tveggja vikna ef um það berst skrifleg krafa frá 50 fulltrúum eða fleiri enda sé þar greint fundarefni.

## 7. grein

Stjórn Fulltrúaráðsins skipar sér framkvæmdastjórn. Skulu formaður, varaformaður, framkvæmdastjóri, ritari auk eins stjórnarmanns sem stjórn Varðar kys í framkvæmdastjórnina, mynda framkvæmdastjórn Fulltrúaráðsins. Framkvæmdastjórn Fulltrúaráðsins undirbýr stjórnarfundi, annast almenn verkefni á milli stjórnarfunda og fer með önnur þau verkefni sem henni eru falin af stjórn Fulltrúaráðsins.

## 8. grein

Aðalfund Fulltrúaráðsins skal halda eigi síðar en í **apríl febrúar** ár hvert.

Boða skal til **aðalfundar fundarins** með a.m.k. viku fyrirvara, **þó aldrei færri en fimm virkra daga**, með **auglýsingu á vefsíðu Sjálfstæðisflokksins og með tölvupósti til meðlima fulltrúaráðsins. almennri auglýsingu.**

Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirfarandi málefni:

1. Skýrsla stjórnar um s.l. starfsár.
2. Kjör formanns og sjö annarra fulltrúa í stjórn ráðsins.
3. Kjör fulltrúa í flokksráð Sjálfstæðisflokksins. Félögin í Reykjavík hafa heimild til að gera tillögu um flokksráðsmenn þannig: Heimdallur 4 flokksráðsmenn Hvöt 3 " Óðinn 3 " Skipting þessi verði endurskoðuð á tveggja ára fresti.
4. Önnur mál.

Að loknum aðalfundi skal stjórn Fulltrúaráðsins senda miðstjórn skýrslu um störf Fulltrúaráðsins, skipan í stjórn þess og trúnaðarstöður ásamt afriti skýrslna þeirra félaga sem aðild eiga að fulltrúaráðinu.

### III. KAFLI

#### ÁKVÖRÐUN UM FRAMBOÐSLISTA OG UNDIRBÚNINGUR KOSNINGA

##### 9. grein

Í aðdraganda kosninga til Alþingis eða borgarstjórnar í Reykjavík tekur Fulltrúaráðið í Reykjavík ákvörðun um hvernig vali á framboðslista flokksins skuli háttað. ~~Ákvörðun um prófkjör, uppstilling eða röðun á lista skal vera í samræmi við skipulagsreglur flokksins og reglur miðstjórnar.~~ **Ákvörðun um prófkjör, uppstilling eða röðun á lista skal vera í samræmi við skipulagsreglur flokksins og reglur miðstjórnar.**

Í aðdraganda prófkjörs, miðstjórnarkjörs eða kosningar í kjörnefnd skal stjórn Fulltrúaráðsins skipa yfirkjörstjórn, sem annast undirbúning og framkvæmd kosningar. Í yfirkjörstjórn skulu formaður og framkvæmdastjóri Fulltrúaráðsins sjálfkjörnir, en að auki skal stjórn ráðsins skipa 3 menn. Yfirkjörstjórn skiptir sjálf með sér verkum. Verði einhver yfirkjörstjórnarmanna í framboði, kýs stjórn Fulltrúaráðsins mann í hans stað.

**Í Reykjavík sinnir yfirkjörstjórn vegna prófkjörs öllum hlutverkum kjörnefndar þar til úrslit prófkjörs liggja fyrir en þá tekur kjörnefnd við.**

##### 10. grein

**Ári fyrir kosningar eða svo fljótt sem auðið er, þegar kosningar eru ákveðnar með stuttum fyrirvara, skal stjórn Fulltrúaráðsins skipa þriggja manna undirbúningskosningastjórn sem annast undirbúning kosningabaráttu Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík í umboði stjórnar Fulltrúaráðsins og í samráði við oddvita.**

Pegar framboðslisti hefur verið samþykktur skipar stjórn Fulltrúaráðsins þrjá menn í kjörstjórn. Stjórn Fulltrúaráðsins getur breytt skipan kjörstjórnar þótt hún sé tekin til starfa. Fyrir borgarstjórnarkosningar skipar oddviti tvo fulltrúa. Fyrir alþingiskosningar skipar oddviti hvors kjördæmis einn fulltrúa í sameiginlega kjörstjórn Reykjavíkurkjördæmanna.

Fullskipuð kosningastjórn skal kjósa sér formann. Kosningastjórn ræður eða skipar kosningastjóra og framkvæmdastjórn og skal hún sinna daglegri stjórn kosningabaráttu Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

#### IV. KAFLI

#### TRÚNAÐARMENN

##### 11. grein

Meðlimir fulltrúaráðsins eru trúnaðarmenn Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík ~~Trúnaðarmenn Fulltrúaráðsins, valdir samkvæmt 6. tölulið 3. greinar, skulu~~ hafa það meginhlutverk að tala fyrir sjálfstæðisstefnunni og bera sérstaka ábyrgð í kosningastarfi flokksins, ~~skýra fyrir kjósendum stefnu Sjálfstæðisflokksins í mikilsverðum málum. Þá ber þeim að aðstoða stjórnir sjálfstæðisfélaganna við að rækja þau störf sem nauðsynleg eru fyrir kosningar og á öðrum tímum og bréfasendingar til Sjálfstæðismanna og almennra kjósenda.~~ svo sem við úthringingar og útgáfustarfsemi. Trúnaðarmenn skulu leitast við að verða við boðun á ráðstefnur og málefnafundum flokksins.

##### 10. grein

~~Stjórn Fulltrúaráðsins kallar stjórnir sjálfstæðisfélaganna og trúnaðarmenn til funda svo oft sem þurfa þykir. Stjórn Fulltrúaráðsins er heimilt að skipa sérstaka nefnd til þess að aðstoða sig við val á trúnaðarmönnum og við önnur verkefni í sambandi við starfsemi trúnaðarmanna.~~

#### IV. KAFLI

#### ÁKVÖRDUN UM FRAMBOÐSLISTA

##### 12. grein

Pegar kosningar til Alþingis eða borgarstjórnar standa fyrir dyrum í Reykjavík, skal sérstök kjörnefnd starfa innan Fulltrúaráðsins. Kjörnefnd gerir tillögur um framboðslista

Sjálfstæðisflokksins við kosningar í Reykjavík til Alþingis og borgarstjórnar. Í kjörnefnd eiga sæti 15 menn þannig valdir:

1. Einn fulltrúi skipaður af stjórn Heimdallar, einn fulltrúi skipaður af stjórn Hvatar, einn fulltrúi skipaður af stjórn Óðins, og fjórir fulltrúar skipaðir af stjórn Fulltrúaráðsins. **Stjórnin skal tryggja gæta að því að kynjahlutföll séu eins jöfn og kostur er á. Þar af a.m.k. einn karl og ein kona, alls sjö fulltrúar.**
2. Að öðru leyti skulu 8 kjörnefndarmenn kosnir af fulltrúum í Fulltrúaráðinu. Framkvæmd kosningarinnar skal vera í höndum yfirkjörstjórnar.

Með ~~hæfilegum~~ minnst fimm virkra daga fyrirvara skal auglýsa á vefsíðu **Sjálfstæðisflokksins og með tölvupósti í fjölmiðlum** eftir framboðum til kjörnefndar. Kjörgengir eru allir **meðlimir fulltrúaráðsins í Reykjavík fulltrúar, sem á kjörskrá eru í Reykjavík.**

Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti **þrjú sólarhringar ein vika**. Framboð telst gilt, ef það berst yfirkjörstjórn fyrir lok framboðsfrests enda sé gerð um það skrifleg tillaga af fimm fulltrúum hið fæsta og af ekki fleiri en tíu fulltrúum. Frambjóðandi gefur skriflega kost á sér til starfans. Berist ekki fyrir lok framboðsfrests tillögur um fleiri kjörnefndarmenn en kjósa á, teljast þeir sjálfkjörnir sem tillögur hafa verið gerðar um. En komi ekki fram tillögur um fulla tölu kjörnefndarmanna, skal stjórn Fulltrúaráðsins skipa svo marga til viðbótar, að kjörnefnd verði fullskipuð.

Nú berast tillögur um fleiri menn í kjörnefnd en kjósa á og skal þá kjörstjórn að framboðsfresti liðnum auglýsa hvar og hvenær kosning fari fram.

Á atkvæðaseðli skulu koma fram nöfn þeirra sem í framboði eru og skal vera útfylltur ferningur fyrir framan hvert nafn. Kjósandi skal setja X í ferning fyrir framan nöfn þeirra sem hann kys. Atkvæðaseðill telst ógildur ef á honum er merkt við nöfn færri manna en sjö, fleiri en átta. Stjórn Fulltrúaráðsins setur nánari reglur um framkvæmd kosningarinnar.

Við þingrof er stjórn Fulltrúaráðsins heimilt að ákveða að kosning 8 kjörnefndarmanna skv. 2. tl. 1. mgr. þessarar greinar fari fram á Fulltrúaráðsfundi.

Stjórn Fulltrúaráðsins ákveður hver kallar kjörnefndina saman í fyrsta skipti, en nefndin kys sér sjálf formann.

### 13. grein

Þegar kjörnefnd er fullskipuð skal hún boða til fundar með stjórnnum Fulltrúaráðsins og sjálfstæðisfélaganna. Á fundi þessum skal rætt um **áherslur við skipan væntanlegan**

framboðslista en ekki gerðar neinar samþykktir enda starfar kjörnefndin ekki á neinn hátt í umboði þessara aðila. Kjörnefndin getur kallað slíka fundi oftár saman meðan hún situr að störfum, ef henni þykir svo henta.

Hafi fulltrúaráðsfundur tekið ákvörðun um að viðhafa prófkjör **gilda prófkjorsreglur Sjálfstæðisflokksins um það. um skipan 12 eða færri af efstu sætum framboðslista við alþingiskosningar og í 16 eða færri af efstu sætum framboðslistans við borgarstjórnarkosningar, er sú ákvörðun, prófkjorsreglur Sjálfstæðisflokksins og reglur Fulltrúaráðsins um framkvæmd prófkjörs bindandi fyrir kjörnefndina.** Framkvæmd prófkjörs er í höndum yfirkjörstjórnar samanber 8. gr.

**Kjörnefnd getur skipað undirnefndir eða vinnuhópa til að ganga frá tillögum um skipan í tiltekin sæti en allar tillögur skulu samþykktar af nefndinni allri til að öðlast gildi. Óski fimm nefndarmenn þess skal kosið um einstök sæti. Kjörnefnd skal kjósa fimm menn úr sínum hópi, er gangi frá tillögum til nefndarinnar um skipan í 10 neðstu sæti framboðslistans við alþingiskosningar og í 14 neðstu sæti framboðslistans við borgarstjórnarkosningar.**

**Ef tillaga er borin fram í nefndinni um að kjörnefndarmaður taki sæti á framboðslista skal hann víkja úr nefndinni og varamaður taka sæti hans, enda samþykki kjörnefndarmaður að frekari umræður fari fram í nefndinni um framboð hans. Kjörnefndarmaður skal víkja úr nefndinni og varamaður taka sæti hans, ef tillaga er borin fram í nefndinni um, að hann taki sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins við kosningar til Alþingis eða borgarstjórnar í Reykjavík, sem væri aðal eða varamannasæti í stofnunum þessum, miðað við fylgi flokksins í næstu kosningum á undan, enda samþykki kjörnefndarmaður að frekari umræður fari fram í nefndinni um framboð hans.**

Þegar kjörnefnd hefur gengið frá tillögum sínum um framboðslista skulu tillögur hennar **kynntar fyrir stjórn fulltrúaráðsins og að því búnu** lagðar fyrir Fulltrúaráðsfund, sem tekur lokaákvörðun um skipan listans, að áskilinni staðfestingu miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins skv. XIV. Kafla 54. Gr. Skipulagsreglna Sjálfstæðisflokksins.

#### 14. grein

Varðandi viðræður um meirihlutasamstarf við aðra flokka eða einstaklinga sem sæti eiga í borgarstjórn Reykjavíkur hafa borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins samstarf við forystu Fulltrúaráðsins í Reykjavík. Þegar fyrir liggur tillaga um meirihlutasamstarf skal það ásamt málefnasamningi, liggi hann fyrir, kynnt og staðfest á fulltrúaráðsfundi.



## IV. KAFLI REYKJAVÍKURÞING

### 15. grein

Annað hvert ár að vori (ári fyrir og ári eftir sveitarstjórnarkosningar) skal stjórn Varðar skipa 5 manna undirbúningsnefnd sem halda skal Reykjavíkurbíng Varðar að hausti. Undirbúningsnefnd gerir tillögur að fundarsköpum sem samþykktar skulu af stjórn Fulltrúaráðsins.

Undirbúningsnefnd skipar stjórnir málefnaþópa. Á kosningarári skal Reykjavíkurbíng haldið fyrir lok febrúar, áður en val á lista fer fram og skal það álykta í helstu málefnum sem varða Reykjavík. Undirbúningsnefnd skipar 3 manna samræmingarnefnd sem hefur það hlutverk að samræma ályktanir og skrifa stjórn málaályktun fundarins sem borin skal upp fyrir fundinn til samþykktar.

Þegar ekki er kosningarár getur stjórn Fulltrúaráðsins ákveðið að málefnaþarf verði fyrirferðaminna á þínginu en þess í stað verði tiltekið þema tekið fyrir á fundinum.

## V. KAFLI

### GILDISTÖKUÁKVÆÐI OG FLEIRA

### 16. grein

Reglugerð þessari verður breytt á fulltrúaráðsfundi sem boðaður skal með a.m.k. fimm virkra daga fyrirvara. Í fundarboði skal greina frá meginefni tillagna til breytinga á samþykktum og skulu endanlegar tillögur birtar í fundarboðinu eða á vefsíðu Sjálfstæðisflokksins á sama tíma. ~~Reglugerð þessi tekur gildi þegar hún hefur verið samþykkt á Fulltrúaráðsfundi. Um breytingar á reglugerðinni fer á sama hátt, enda hafi tillögur um breytingar á henni verið auglýstar á dagskrá funda þeirra, sem um þær eiga taka ákvörðun.~~

# Greinargerð Laganefndar varðar með tillögum til breytinga á reglugerð Varðar

## Inngangur

Stjórn Varðar, fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, skipaði á vordögum þau Kristínu Edwald, Leif Skúlason Kaldal, Andreu Sigurðardóttur, Jón Birgi Eiríksson, Nönnu Kristínu Tryggvadóttur og Rúnu Malmquist í laganefnd til að rýna reglugerð Varðar. Skyldi laganefndin yfirfara reglugerðina með með hliðsjón af fyrri reynslu, nýjum skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins, öðrum reglum hans og framtíðarsýn á starf starf Varðar.

Laganefndin fundaði reglulega í Valhöll og vann þess á milli í sameiginlegu skjali þar sem útfærðar voru nánar þær tillögur sem ræddar höfðu verið á fundum nefndarinnar. Mikil samstaða var í nefndinni hvoru tveggja um þær breytingar sem lagðar eru til og framtíðarsýn á starf Varðar.

Eftirfarandi eru athugasemdir við hverja og eina tillögu að breytingum.

## I. kafli.

*Um 1. gr.*

Greinin er óbreytt

*Um 2. gr.*

Tillögur að breytingum á 2. gr. eru orðalagsbreytingar fyrir utan 9. tl. sem er settur inn til samræmis við 35. gr. skipulagsreglna.

## II. kafli.

*Um 3. gr.*

Lögð er til breyting á 1. tl. í þeim tilgangi að einfalda framkvæmdina. Breyting er lögð til á 6. tl. í þeim tilgangi að samræma við þá framkvæmd sem verið hefur og stækka hópinn.

*Um 4. gr.*

Breytingin á 1. mgr. er gerð í þeim tilgangi að samræma við þá framkvæmd sem verið hefur. Á 2. mgr. er lögð til minni háttar orðalagsbreyting.

*Um 5. gr.*

Tilgangur breytingar á 1. tl. 1. mgr. er að einfalda kerfið þannig að aðrir stjórnarmenn en gjaldkerar geti gætt hagsmuna félagsins á fundum. Breyting á 2. tl. 1. mgr. er til samræmingar við framkvæmd.

Lögð er til breyting á 2. mgr. til samræmingar við framkvæmd og nútímann.

Breyting á 3. og 4 mgr. er til nánari útfærslu og í samræmi við framkvæmd.

*Um 6. gr.*

Greinin er óbreytt.

*Um 7. gr.*

Ákvæðið var áður loka málsgrein 6. gr. Lagt er til að færa það í sér grein til skýringar.

*Um 8. gr.*

Lagt er til að aðalfundur varðar verði í apríl í stað febrúar þannig að aðildarfélög verði búin að halda sína aðalfundi áður. Þá er ákvæðið um boðun fundar fært til nútímans.

### **III. kafli**

Lagt er til að settur verði inn nýr kafli vegna mikilvægis og skýrleika.

*Um 9. gr.*

Lagt er til að síðari setningin í 1. mgr. verði felld út enda óþarfi að kveða sérstaklega á um þetta. Lagt er til að ný 3. mgr. komi inn til skýringar á gildandi fyrirkomulagi. Hugtökin kjörnefnd og yfirkjörstjórn hafa valdið ruglingi.

*Um 10. gr.*

Í 10. gr. er lagt til að komið verði á fót formlegri kosningastjórn. Stjórn Varðar skipi undirbúningskosningastjórn sem annist undirbúning kosningabaráttu. Þegar framboðslisti hefur verið samþykktur skipar stjórn Fulltrúaráðsins eiginlega kosningastjórn. Auk þess skipa oddvitar flokksins fulltrúa í kosningastjórnina. Lagt er til að Fulltrúaráð get gert breytingar á skipan kosningastjórnarinnar eftir að hún hefur verið skipuð, sé þörf á því.

### **IV. kafli**

*Um 11. gr.*

Gerð er tillaga að breyttu orðalagi í samræmi við framkvæmd og tíðaranda.

Þá er lagt til að núverandi 10. gr. sé felld út og í staðinn sé Reykjavíkurbíngið fest í sessi í reglugerð Varðar.

### **V. kafli**

*Um 12. gr.*

Lagt er til að í 1. gr. 1. mgr. sé gætt að jöfnum hlutföllum karla og kvenna sem skipaðir eru í kjörnefnd.

Í 2. mgr. er verið að skýra orðalag. Í 3. mgr. er lagt til að framboðsfrestur sé talinn í virkum dögum.

Hvað lokamálsgrein 12. gr. varðar vekur laganefnd athygli á því að samkvæmt 6. gr. 1. gr. prófkjörreglna skal formaður kosinn sérstaklega. Reglugerð Varðar ætti því að kveða á um þá framkvæmd.

*Um 13. gr.*

Breytingar sem lagðar eru til á 13. gr. eru hvoru tveggja orðalags breytingar til skýringar sem og samræming við skipulagsreglur og prófkjörreglur Sjálfstæðisflokksins.

*Um 14. gr.*

Greinin er óbreytt.

## **VI. kafli.**

Lagt er til að nýr kafli sem fjallar um Reykjavíkurbíngið komi inn í reglugerðina.

*Um 15. gr.*

Lögð er til útfærsla á Reykjavíkurbíngi í samræmi við fyrri framkvæmd .

## **VII. kafli**

*Um 16. gr.*

Lagt er til að skýrara form verði á framkvæmd og samþykkt breytinga á reglugerð Varðar.